

Lúthersku kyrkjuþingin Íslendinga hér vestra eru sniðin eftir og tekin frá Kongregazionalistum og Unitörum. En til þess að þau geti orðið meira en nafnið tómt, þá verða þau að vera meira en skuggi frummyndanna, sem þau eru sniðin eftir. Það þarf að vanda til þeirra, senda þangað þá beztu menn, sem völ er á, en ekki einhverja hérvillinga, sem gjöra ekkert annað, en herma eftir prestinum sínum og segja AMEN. Með því verður þingið ekkert annað en prestastefna, og til þessa hefir það verið lítið meira.

Þing það, er haldið var hér fyrir nokkru síðan, var og nokkuð á þá leið. Það var all fjölmennt, og gestkomandi voru hér margir góðir drengir, en fæstir þeirra skipuðu þingbekk. Enda varð afraksturinn ærið smár. Það er komið upp í hefð, að velja ekki aðra á þing en þá, er sem fæst orð hafa að segja um alla hluti, stóra og smáa, og kom oss það nokkuð kynlega fyrir í þetta sinn, þar sem búið var að hafa jafnmörg orð fyrir þing bæði norðan og sunnan línunnar um það, hvað ætti að gjörast. Heyrst hafði að skólamálið hefði átt að takast alvarlega til fhugunar, eins og ekki var vanþörf á, en lítið mun þó hafa orðið úr því, vegna þess að öllum féll þar ketill í eld, að segja meiningu sína frammi fyrir öldungum ráðsins. Það var búið að undirstinga alla þingmenn frá Dakota um, að greiða atkvæði sín sem einn maður, er til þings kæmi, og það strax í vetur. Prestar og söfnuðir voru þar á einu máli, að hér þyrfti umbóta með, en er til stykkisins kom, fórst þeim eins og spámönnunum forðum daga, þeir urðu sem dumbir hundar, er kunnu ekki að gelta.

Málið í heild sinni var sett í nefnd, og þá var eins og bjargi létt af öllum, að þurfa ekkert meira um það að segja, en mega kenna nefndinni um hvað svo sem gjört yrði. Og svo var nefndarálið samþykkt.

Hið einkennilegasta við þetta nefndarálit var það, að næstkomandi vetur skyldi kyrkjufélagið kosta kennslu í Íslenzku við tvo skóla, annan norðan en hinn sunnan landamæranna. Þó munu peningar naumast nógir í sjóði til þess, að kosta einn kennara, ef maður væri til að sinna þeim starfa, svo í lagi væri, og legði hæfilegt mat á verk sitt. En hvað sem því líður, eiga nú að verða tveir kennarar, ef almenningur vill rífka tillögin.